

# Lög

## um breyting á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög.

---

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 2. másl. 2. mgr. fellur brott.

b. Við greinina bætist ný málsgrein:

Afsali alþjóðlegt viðskiptafélag starfsleyfi sínu starfar félagið áfram sem hlutafélag eða einkahlutafélag, sbr. lög um hlutafélög og einkahlutafélög. Sama gildir er starfsleyfi alþjóðlegs viðskiptafélags fellur niður við afnám laganna.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, falla úr gildi 1. janúar 2008. Samhliða falla úr gildi starfsleyfi starfandi alþjóðlegra viðskiptafélaga.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Eftir 1. mars 2004 verða ekki gefin út ný starfsleyfi. Fullbúna umsókn sem berst fyrir það tímamark er starfsleyfisnefnd þó heimilt að taka til afgreiðslu.

---

*Samþykkt á Alþingi 12. desember 2003.*